

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 418/96**frá 7. mars 1996****um breytingu á VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna
framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á
landbúnaðarafurðum og matvælum(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1935/95 ⁽²⁾, einkum 13. gr.,með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 207/93 frá 29. janúar 1993 um skilgreiningu á innihaldi VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar [sic] þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum og nákvæmar reglur um hvernig ber að hrinda ákvæðum 4. mgr. 5. gr. hennar í framkvæmd ⁽³⁾, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tiltekin aðildarríki hafa tilkynnt hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni að komið hafi í ljós að tilteknar neysluhæfar kryddjurtir séu ekki framleiddar með lífrænum hætti í nægilega ríkum mæli í bandalaginu. Því beri að taka þessar afurðir inn í þátt C í VI. viðauka.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 59, 8. 3. 1996, bls. 10, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/97 frá 31. júlí 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 186, 5. 8. 1995, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 25, 2. 2. 1993, bls. 5.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þætti C í VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 sem var tekinn upp með reglugerð (EBE) nr. 207/93:

- Eftirfarandi afurðir bætist við lið C.1.2 „ Neysluhæft krydd og kryddjurtir“
 - „- Litla galanga *(Alpinia officinarum)*
 - Allrahanda *(Pimenta dioica)*“